

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2023
Málsnúmer: 202307-0012
LA

Efni: Umsögn vegna beiðni um hagnýtingar grunnvatns á lóð Arnarlax ehf., Laxabraut 5

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 10. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arnarlax ehf. um nýtingarleyfi til töku á fersku grunnvatni og jarðsjó á lóð fyrirtækisins, Laxabraut 5, Þorlákshöfn. Áformuð hámarksnýting er allt að 400 l/s af fersku grunnvatni og 500 l/s af söltu grunnvatni (jarðsjó).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina, ásamt fylgiskjölum. Ekki er séð að fyrirtækið við Laxabraut 5 sé að sækja um aukna vatnsnýtingu innan svæðisins. Nýting á grunnvatni hefur verið hjá fyrirtækinu til fjölda ára og snýst umsóknin um að hafa nýtingarleyfi. Hins vegar kemur fram í matsskyldufyrirspurn frá árinu 2021 að gerðar eru breytingar á eldi, þ.e. úr bleikjueldi yfir í eldi á laxaseiðum (Arnarlax Fylgiskjal 4).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umsókn Arnarlax ehf. en telur að með nýtingarleyfi þurfi Orkustofnun að setja skilyrði um vöktun og viðbrögð við áhrifum nýtingar á grunnvatni og stuðla að samstarfsverkefni um vöktun á grunnvatni innan sveitarfélagsins Ölfuss vegna samlegðaráhrifa aukinnar vatnstöku frá fleiri nýtingaraðilum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

